

Grundará og Heyá

R e y k h ó l a s v e i t .

Undirritaður (Sigurjón Rist) athugaði Grundará og Heyá 10. ágúst '48 ásamt Sigurði Elíassyni, Reykhólum og Kristni bónda að Grund. Engar hæðarmælingar voru gerðar.

Árnar eru dragár. Verða litlar síðari hluta vetrar og síðari hluta sumars, en vaxa snögglega í leysingum og stórrigningum. Vötnin Grundarvatn og Ísavatn, draga að vísu nokkuð úr stærstu sveiflunum. Vatnsmagn Grundarár 10. ágúst '48 var 16 l/s um fjallsbrún. Úrkoma í Stykkishólmi og Kvígindisdal var tvo næstu mánuði á undan 96% sé miðað við meðaltal mánaðanna júní og júlí á 30 ára tímabilinu 1901-1930. Nú í vetur hefur Sigurður Elíasson mælt vatnsmagnið vikulega þann 20. nóv. s.l. var það 25 l/s. Viku síðar gerði frost og hríðaveður, þá fór rennslið niður í 10 l/s í nokkra daga, en hefur haldist síðan um 25 l/s.

Ekki er ráð að virkja þessar ár nema að nota vötnin til miðunar, en í því sambandi er nauðsynlegt að þekkja heildar ársrennslið og það helzt fyrir nokkur ár, þar sem samfelldar mælingar eru ekki enn fyrir hendi verð ég hér að reikna með meðalúrkomu næstu veðurstöðva, en þá fæst t.d. ársúrkoma Grundarvatnssvæðisins: $784+420 \cdot 1,5=1414$ mm og sé reiknað með afrennslisstuðlinum 1,75 fæst hæð afrennslisvatnsins 1060 mm.

Nafn	Úrkomusv. km ²	Vatnshæð mm	Vatn ³ millj.m ³	l/sek
GRUNDARÁ, fjallsbrún	2,6	1055	2,74	87
" n.v.G.vatn	1,9	1060	2,01	64
GRUNDARVATN	0,25			

Nafn	Úrkomusv. km ²	Vatnshæð mm	Vatn millj.m ³ .	l/sek
HEYÁ, gljúfrið	12,5	1000	12,5	400
" n.v.Ísavatn	2,9	1040	3,2	96
ÍSAVATN	0,88			

Ef t.d. miðlun í Grundarvatni á að vera nægileg á milli árstíða, þarf að vera hægt að geyma þar a.m.k. 50% af ársrennslinu til vatnsins sjálfs, en það svarar til geymis upp á 1 millj. m³, en til þess að ná slíkum geymi, þarf vatnsyfirborðið að sveiflast til um 4 m. Þessi geymir yrði þó ekki nægilegur til að geyma vatn frá úrkomusömum árum til hinna þurru. Eins og áður segir, gerði ég engar hæðarmælingar. En svo virtist sem samilega auðvelt væri að lækka vatnið um 1 m og hækka það um annan. Þar eð hátt er í kringum allt vatnið er möguleiki á að hækka það nokkru meir, en það þarf að hallamæla.

Vatnið yrði að fara frjálst frá miðlunarstíflu Grundarvatns og niður undir fjallsbrún, en þar kæmi inntaksstíflan. Það vatn, sem fellur til á svæðinu frá Grundarvatni og niður á brún, er lítils virði til virkjunar, því að úrkomunni skolar þarna burt í stríðum flaum, sem gengur strax niður, er leysingu eða rigningu slotar. Upp að Grundarvatni er um 3 km leið og effið að vetrinum til, því mun ekki verða hægt að loka fyrir rennslid úr vatninu þótt rigning eða hlákublóti komi á miðjum tæmingartímanum, vatnið af neðri hluta úrkomusvæðisins mun því fara forgörðum. Frá inntaksstíflu lægi þrýstivatnspípa vestan árinna niður snarbratta skriðumela með smáum klettaskriðum. Stöðvarhúsinu yrði valinn staður, þar sem aðal brekkan endar ofan við bæinn Grund. Samkvæmt korti herforingjaráðsins, blað 23, er fallið þarna 230-250 m. Að sjálfsögðu verður ekki sagt um lengd þrýstivatnspípunnar fyrr en leiðin hefur verið mæld, en hún mun vera af stærðargráðunni 800 m.

Heimtaug að Reykhólum	1200 m
" " Tilraunastöðinni	650 m

Yfirborð Ísavatns þarf að sveiflast um 1,8 m til þess að þar sé hægt að geyma 50% af ársrennsli vatnsins sjálfs. Um fallhæð hjá Heyárfossi verður ekkert sagt fyrr en hún hefur verið mæld. Þar er Heyá í djúpu gljúfri og aðstaða til virkjunar slæm.

Reykjavík, 7. marz 1950,

S.Rist (sign.)